

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Desember 2010

Með geislabaug í skagfirskri sveiflu



Þeim sem hér ritar er minnisstætt þegar stjórn Ármanna stóð í sömu sporum og nú fyrir tveimur árum, haustið 2008. Þá hafði verið veiðileyfa hækkad jafnt og þétt ár eftir ár, fyrirtækin létu sig ekki muna um að bjóða viðskiptavinum og starfsmönnum í veiðitúra í dýrum ám með fullu fæði og fríum drykkjum, veiðileyfasalar og landeigendur fitnuðu og stangveiðimenn borguðu glaðir það sem upp var sett. Eldislöxum var hellt í allar ár þar sem við var komið og þeim skipað að skemmta veiðimönnum með illu eða góðu – alls staðar flæddi gullið. Í þeim darraðardansi var ekki hátt risið á litlu félagi eins og Ármönnum með sína þjóðlegu náttúruvernd og áhuga á silungsveiðum, því sannarlega stóðu Íslendingar sjálfir fyrir öllum gleðskapnum og hugsuðu ekki um annað en lax.

Í desember 2008 vissi enginn hvað við tæki. Mundi eitthvað þýða að bjóða veiðileyfi um miðjan vetur þegar enginn vissi hvað framtíðin bæri í skauti sér, hvort grænn eyrir yrði í buddunni með vorinu til að borga?

Þegar mesta rykið hefur sest eftir óhófið og vitleysuna vaknar aftur áhugi á þeim gildum sem Ármenn standa fyrir, hófsemi og hógværð við veiðar. Það rifjast upp að árnar hafa

fóstrað fiska frá ómunatíð án þess að sulað væri í þær seiðum úr vaskafati, að hinn frjálsborni silungur ætti einnig sinn rétt og að ef til vill væri náttúran sjálf hinn besti uppalandi. Leigutakar, sem hafa tekið þá stefnu að stilla veiðum í hóf og veiða aðeins á flugu, snúa sér þá til Ármanna.

Nú stendur yfir tilraun með Svartá í Skagafirði. Urriðastofni árinna er leyft að ná sér á strik og fylgst með honum vaxa og dafna. Til að fjármagna þetta verkefni hafa leigjendur árinna boðið Ármönnum að kaupa veiðileyfi á góðum kjörum gegn því að veiða, mæla, skrá og sleppa. Segja má að töluverð reynsla sé af vísinda-veiðum í félaginu og því ætti okkur ekki að verða skotaskuld úr að leysa þetta verkefni. Ármönnum standa til boða fleiri dagar í Svartá en í nokkru öðru rennandi vatni, og bætist það framboð við þá daga sem félagið ætlar að endurnýja í Húseyjarkvísl eftir góða reynslu í fyrra. Því er ekki ósennilegt að það geti orðið skagfirsk sveifla á mörgum Ármanninum í sumar.

Stundum gætu menn haldið að Ármenn væru veiðifélag með geislabaug, svo göfugar og einstakar sem siðareglur félagsins eru. Vel má vera að leigutakar, sem vilja sjá góða umgengni um veiðivatn sitt, snúi sér

frekar til Ármanna en annarra vegna hins meinta geislabaugis eða bjarma sem yfir félaginu er – þótt undarlegt megi virðast, því á þann baug hefur fallið í árána rás. Frómur veiðimaður og hjartahreinn hefur sent Ármönnum nokkrar ákúror fyrir að veiða í ám þar sem sleppt hefur verið fiski á kostnað hins sjálfbæra landnámskilungs. Sjálfsagt er að taka hnippingar utanfélagsmanna til íhugunar. Ármenn geta gengist við því að bjóða félögum sínum veiðileyfi í ám þar sem sjá má sleppitjarnir, hver félagi verður að gera það upp við sjálfan sig hvers virði það er að halda árunni hreinni en háttvísi Ármanna á veiðislóð er og verður ævinlega hin sama.

Við eigum nú kost á fjölbreyttara úrvali veiðileyfa en verið hefur um nokkurt skeið. Þótt leyfin séu öll á tiltölulega góðum kjörum getur langt sumar orðið kostnaðarsamt. Því hvetur stjórnin Ármenn til að gæta hófs í jólahaldi svo unnt verði að gleðja fjölskylduna þeim mun betur í sumar með mörgum og góðum veiðiferðum.

Stjórn Ármanna óskar félagsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar, árs og friðar og þakkar ánægjulega samveru.

Baldur Sigurðsson #643

Veidileyfaumsóknirnar einu sinni enn

Óðum nálgast sá tími þegar stjórn Ármanna fer að raða saman umsóknum félagsmanna og veiðidögnum sem standa til boða. Að sjálfsögðu verður reynt að uppfylla allra óskir, en óhjákvæmilega koma upp tilfelli þar sem fleiri en einn félagsmaður vilja fá sama daginn. Til að auðvelda úthlutunarstörfin og gera þau á sanngjarnan hátt var kerfið með ABCD- bókstafsmerkingu umsókna innleitt. Samkvæmt því fær félagsmaður sem sækir um tiltekinn veiðidag í A-reit á umsóknarblaði sínu meiri rétt til úthlutunar en sá sem sækir um sama dag í B-reit o.s.frv. Engu að síður má reikna með að upp komi tilfelli þar sem tveir eða fleiri sækja um sama dag í A-reit og einhver verður þá út undan. Ef þú og veiðifélagar þínir vilja hámarka líkurnar á að fá að veiða saman á draumadeginum ykkar þá skuluð þið að gera eftirfarandi:

Sendið inn hópumsókn!

Þá sækja allir í hópnum um sama veiðidaginn eða sömu veiðidaga á umsóknum sínum, allir krossa í hópumsóknarreitinn og vísa hver á annan með því að skrá númer hinna veiðifélaganna í hópnum í viðeigandi svæði á umsóknarblaðinu. Skilyrði er að hópurnir sækji í sameiningu um allar stangirnar á svæðinu, 3 í Hlíðarvatni o.s.frv.



Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, www.armenn.is
Umsókn veiðileyfa 2011

Félagsnúmer: 1234
Nafn: Jón Jónsson
Heimili: Dísólavaldur 13
Staður: Reykjavík Sími: 555 12345 / 86112345
Tölvupóstur: armenn@armenn.is

Umsókn	Fyrir úthlutunarmynd
A Hópumsókn x Veiðisvæði Hlíðarvatn Stangafjöldi 3 Dagar 2 o.s. mál Veiðifélagar: Nr. 1234 Nr. 1235 Nr. 1236 Athugasemdir:	Stangafjöldi Dagar Verð á stöng kr. Verð samtals kr.
B Hópumsókn x Veiðisvæði Gullfoss Stangafjöldi 2 Dagar 10-14. apríl Veiðifélagar: Nr. 1234 Nr. 1235 Nr. 1236 Athugasemdir:	Stangafjöldi Dagar Verð á stöng kr. Verð samtals kr.
C Hópumsókn Veiðisvæði Stangafjöldi Dagar Veiðifélagar: Nr. Nr. Athugasemdir:	Stangafjöldi Dagar Verð á stöng kr. Verð samtals kr.
D Hópumsókn Veiðisvæði Stangafjöldi Dagar Veiðifélagar: Nr. Nr. Athugasemdir:	Stangafjöldi Dagar Verð á stöng kr. Verð samtals kr.
E Hópumsókn Veiðisvæði Stangafjöldi Dagar Veiðifélagar: Nr. Nr. Athugasemdir:	Stangafjöldi Dagar Verð á stöng kr. Verð samtals kr.

Hefur þú veitt í vötnunum sunnan Tungnaðr? Já ___ Nei ___ Samtals kr. _____

Umsóknir má senda í pósti til félagsins, setja í póstlúgu á Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík – fyrir 5. janúar, eða koma í eigin persónu með umsóknina á síðasta degi.

Reglur um forgang umsókna við úthlutun veiðileyfa

Almennar reglur

Við úthlutun veiðileyfa gilda tvær almennar reglur um forgang umsókna:

1. A-umsókn hefur forgang umfram B-umsókn, B-umsókn umfram C-umsókn og svo koll af kolli.
2. Þegar margar stangir eru seldar samanhafur hópumsókn forgang umfram einstaklingsumsókn. Ekki er metið til aukins forgangs ef í hópnum eru fleiri en þær stangir sem sótt er um.

Sérstakar reglur um Svartá í Skagafirði

Stangir í Svartá eru fjórar, seldar allar saman einn dag í senn. Til þess að Ármenn, sem vilja dvelja nokkra daga við ána, geti sótt um nokkra daga í einu, mega menn nota eina umsókn (A, B eða C o.s.frv.) til að sækja um allt að sex daga samfelld (hvílt er á miðvikudögum). Stjórnin hefur því sett sérstaka forgangsreglu við úthlutun leyfa í Svartá.

1. Sá sem sækir um allt að þrjú daga samfelld hefur forgang umfram þann sem sækir um færri daga. Umsókn um fleiri daga en þrjú veitir ekki aukinn forgang.
2. Að öðru leyti gilda almennar reglur um forgang.

Þeir sem vilja dvelja við Svartá í sex daga, frá fimmtudegi til þriðjudags, geta sótt um alla dagana í einni umsókn eða með því að leggja inn tvær þriggja daga umsóknir.

Munið að síðasti skiladagur er 5. janúar 2011

Leiðrétting.

Sú leiða villa laumaðist inni viðtalið við félagi Bjarna Kristjánsson #11 í síðasta Áróði að ábúandinn í Áltagerði hafi heitað Guðbjartur. Hið rétta er að hann hét Dagbjartur. Beðist er velvirðingar á þessu.



Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000
Freyjunesi 4
603 Akureyri

4 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Smíðjuvegi 11
200 Kópavogi

VEIÐISVÆÐI ÁRMANNA 2011

Hér getur að líta úrval veiðileyfa á tíu veiðisvæðum. Svo mætti virðast sem félagið hafi færst meira í fang en það ræður við með svo fjölbreyttu úrvali en því er til að svara að meginhluti leyfanna er í umboðssölu og því tekur félagið litla áhættu. Samið var við leigutaka um að bjóða Ármönnum frekar fleiri daga en færri í umboðssölu gegn því að félagið ábyrgðist samt kaup á nokkrum hollum. Sú áhætta félagsins er að mati stjórnar ekki meiri en verið hefur undanfarin ár.

Þau holl sem ekki seljast í úthlutun munu verða sett í sölu á Leyfi.is eða þá að leigutakar leysa þau til sín. Í úthlutun eru allar stangir í holti yfirleitt seldar saman en á Leyfi.is er meira um að seldar séu stakar stangir.

Yfirleitt er einungis leyfilegt að veiða á flugu, en þar sem leigutaki heimilar annað agn stendur: „Hér veiða Ármenn á flugu“.

Þar sem sums staðar er vísað í Áróð undanfarinna ára, er af gefnu tilefni bent á, að hann er aðgengilegur á heimasíðu Ármanna www.armenn.is frá árinu 2001.

YFIRLIT UM SVÆÐI

SILUNGSVEIÐI

1. HLÍÐARVATN Í SELVOGI
2. VÖTNIN SUNNAN TUNGNAÁR
3. GRÍMSÁ, SJÓBIRTINGSSVÆÐI
4. HÚSEYJARKVÍSL Í SKAGAFIRÐI - SILUNGASVÆÐI
5. SVARTÁ Í SKAGAFIRÐI – URRÍÐI, TILRAUNAVEIÐI (VEIÐA, MÆLA, SKRÁ OG SLEPPA)

BLÖNDUÐ VEIÐI

6. ÚLFARSÁ/KORPA – LAX OG URRÍÐI
7. GLJÚFURÁ Í HÚNAÞINGI – LAX OG BLEIKJA
8. SKÓGÁ UNDIR EYJAFJÖLLUM – LAX OG BLEIKJA
9. VATNSÁ Í MÝRDAL – LAX OG SJÓBIRTINGUR

LAXVEIÐI

10. TUNGUÁ Í LUNÐARREYKJARDAL

SILUNGSVEIÐI

1. HLÍÐARVATN Í SELVOGI

Vakin er athygli á að upphaf veiðitíma hefur verið fært fram um klukkustund.

Staðsetning: Í Selvogi, milli Krýsuvíkur og Þorlákshafnar. Vegalengd frá Elliðaárbrúm er rúmlega 60 km um Þrengsli en 55 km um Krýsuvík.

Veiðisvæði: Allt vatnið, en hólmanir við Stakkavík, vestanvert í vatninu, eru friðaðir á varptíma fugla.

Marshefti Áróðs 2009 var sérstaklega helgað vatninu, og á heimasíðu Árvíkur (www.arvik.is) undir Veiðistaðalýsingar, má finna mikinn fróðleik.

Stangafjöldi: Veitt er á þrjár stangir og eru þær seldar saman, einn dag í senn.

Veiðitímabil: 2. maí – 30. september – að 4. september undanskildum.

Veiðitími: Veiðimenn mega hefja veiðar kl. 18 kvöldið fyrir skráðan veiðidag og ljúka þeim sólarhring síðar. Að öðru leyti er veiðitími frjáls. Veiðimenn kvitti fyrir veru sína við vatnið í dagbók veiðihússins.

Leyfilegt agn: Fluga. Nefna má Peacock, Krók, Alexöndru, Alder, Butcher, Kardínála og Flæðarlús.

Veiðihús: Stendur undir hlíðinni vestanverðri, upp af Botnavík. Þar er snyrting, tvö herbergi með 2

kojum hvort, svefnloft, eldhúsbekkur með gashellu, borðbúnaði og áhöldum, forstofa og gott úti-gasgrill. Taka þarf með sér rúmfatnað/svefnpoka, borðtuskur og viskastykki. Lyklar að húsi eru geymdir á krók við útihurðina.

Reglur: Húsinu skal skila hreinu til næstu veiðimanna eigi síðar en kl. 17:00 og taka með sér allt rusl. Athugið að lausaganga hunda við vatnið er stranglega bönnuð og séu hundar hafðir í húsinu mega þeir einungis dvelja í forstofurými. Bannað er að vera með báta á vatninu, en bumbubátar eru leyfðir eftir 1. september með því skilyrði að ekki sé verið á þeim framan við veiðimenn sem veiða frá landi.

Veiðikort: Liggur frammi í veiðihúsi og á <http://www.armenn.is/skjol/Almenn/hlidarvatn.jpg>.

Veiðibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt er að skrá allan afla. Menn eru vinsamlegast beðnir að skrá þar nöfn sín, en ekki einungis félagsnúmer.

Veiðiumsþjón: Hlíðarvatnsnefnd, símanúmer hanga á vegg í veiðihúsinu.

Hlíðarvatn 2011

Tími	Dagar	Stangir	Verð/stöng/ dag
Maí, júní, júlí	Virkir	3	5.000
	Helgir	3	6.000
ágúst, september	Virkir	3	3.000
	Helgir	3	4.000

2. VÖTNIN SUNNAN TUNGNAÁR

Staðsetning: Vatnaklasi á Landmannaafreitti í um það bil 170 km fjarlægð frá Reykjavík, norðan og austan við Heklu.

Veiðisvæðið: Fjölbreytileg vötn sem gefa bæði bleikju og urriða. Þekktust vatnanna eru trúlega Frostastaðavatn og Löðmundarvatn.

Um vötnin og aflabrögð í þeim má lesa í viðtali við Örn Daníelsson, sem birt er í desemberhefti Áróðs 2008 og grein eftir Olgeir Benediktsson í Nefsholti í maíhefti Áróðs 2009.

Veiðitímabil: Veitt er frá því fært er í vötnin um miðjan júní og fram í september, eða meðan ferðabjónustan er opin í Landmannahelli. Utan þess tíma er hægt að fá gistingu eftir því sem færð og veður leyfir.

Stangafjöldi: Ótakmarkaður.

Leyfilegt agn: Hér veiða Ármenn á flugu.

Veiðihús: Í Landmannahelli eru skálar í nokkrum stærðum þar sem góð aðstaða er til gistingar í svefnpoka. Húsin eru með upphitun, rennandi vatni, eldunaraðstöðu, vatnssalerni og útigrilli. Einnig er við Landmannahelli svæði fyrir tjöld, fellihýsi og húsbíla.

Á vefsíðunni info@landmannahellir.is eru allar upplýsingar um aðstöðuna. Pantanir og fyrirspurnir í síma 893-8407.

Reglur: Félagsskírteini Ármanna fyrir árið 2011 gildir sem veiðileyfi í öll vötnin. **Ármenn skulu framvísa félagsskírteini í Landmannahelli áður en veiðar eru hafnar og skila skýrslu um afla áður en farið er af svæðinu.**

Umsjón: Skálaverðir í Landmannahelli. Upplýsingar um veiðisvæðið og aflatölur má sjá á slóðinni <http://www.veidivotn.is/>.

3. GRÍMSÁ, SJÓBIRTINGSSVÆÐI

Staðsetning: Grímsá í Borgarfirði er landspekt laxveiðiá og rennur um Lundarreykjardal í Borgarfirði. Í ána gengur nokkur fjöldi sjóbirtinga og síðustu ár hefur verið ákveðið að nýta þau tækifæri sem bjóðast til haust- og vorveiða. Hér er um skemmtilegan kost að ræða í hæfilegri fjarlægð (70km) frá höfuðborginni.

Veiðisvæðið: Frá og með Hörgshyl (við brúna á þjóðvegi 50) niður að og með Árbakkalöpp.

Athugið að veiði er ekki leyfð á griðarstað laxa á eftirfarandi veiðistöðum: Móbergshyl, Svartastokki, Húsbreiðu, Stórlaxaflöt og Lambaklettsfljóti.

Stangafjöldi: Veitt er á tvær stangir sem seldar eru stakar, einn dag í senn.

Veiðitímabil: Apríl-maí og frá 25. sept. fram í okt.

Veiðitími: Veitt er frá kl. 8:00 til 20:00.

Leyfilegt agn: Flugá.

Veiðihús: Ekkert veiðihús fylgir svæðinu en veiðimenn geta notfært sér aðstöðu í kjallara veiðihótelsins. Unnt er að semja um gistingu á góðu verði í veiðihúsi við Tunguá, innar í Lundarreykjardal.

Reglur: Öllum laxi skal sleppt en heimilt er að taka sjóbirting. Mælst er til að öllum fiski í vorveiði sé sleppt.

Veiðikort: Kort af Grímsá má nálgast á slóðinni <http://www.hreggnasi.is/images/stories/grimsaA3.pdf>

Veiðibók: Liggur frammi í kjallara veiðihótelsins, mikilvægt er að skrá allan afla.

Veiðiumsjón: Jón Þór Júlíusson, gsm. 898 2230, net: jon@hreggnasi.is.

Grímsá 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/dag
10.-14. apríl	1	2	5.900
5.-9. maí	1	2	3.900
30.sept.-4.okt.	1	2	15.500

4. HÚSEYJARKVÍSL Í SKAGAFIRÐI - SILUNGASVÆÐI

Staðsetning: Húseyjarkvísl heitir svo í framhaldi af Svartá og öðrum ám af hálendinu vestan Skagafjarðar. Hún rennur undir þjóðveg 1 rétt fyrir neðan Varmahlíð og fellur í vestari kvísl Héraðsvatna 19 km frá sjó.

Veiðisvæði: Lítil kvísl úr Héraðsvötnum blandast við Húseyjarkvísl fyrir neðan Geldingaholt (staður nr. 15) og er hún lituð þar fyrir neðan mestan hluta sumars. Aðgengi að ánni er gott og hægt er að keyra niður að flestum veiðistöðum.

Áin er fiskgeng að Reykjafossi en veiðisvæðið er 12 km langt. Silungasvæðið er frá Silungabakka (Silungabakki ekki með) og niður að ármótum Héraðsvatna og Húseyjarkvíslar. Árlega veiðast um 300-500 silungar.

Um veiðina má lesa í grein eftir Gústaf Gústafsson (#773) á vefnum [Flugur.is](http://flugur.is).

Stangafjöldi: Veitt er á þrjár stangir og þær seldar saman.

Veiðitímabil: 1. apríl – 20. október.

Veiðitími: 12 klst. á sólarhring og ráða veiðimenn hvernig þeir hagræða þeim tíma.

Mæta má í veiðihúsið kl. 15:00 á skiptidegi og það yfirgefið eigi síðar en kl. 14:00 síðasta veiðidag.

Leyfilegt agn: Aðeins fluga. Vel gefast Nobblerar, Zonkerar, lappaflugur og alls kyns púpur, s.s. Pheasant tail, blóðormur og Mobuto og svo þurrflugur.

Veiðihús: Ef komið er að sunnan er beygt niður hjá Varmahlíð eins og verið sé að fara til Akureyrar og svo beygt strax aftur til hægri hjá Vélaveri (blátt hús á hægri hönd). Þeim vegi er fylgt þar til beygja verður upp brekkuna til hægri eða niður til vinstri. Taka skal vinstri beygjuna og þá er maður kominn að húsinu, og áin blasir við fyrir neðan. Skilti er við húsið. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og svefnloft, sjónvarp, uppþvottavél og öll helstu þægindi. Heitur pottur og gasgrill eru á palli. Taka þarf með sér sængurföt og handklæði. Þrifa skal húsið eftir notkun.

JOAKIM'S

Gæða flugustangir, hjól og línur sem hafa sannað sig hjá íslenskum veiðimönnum.



gsm: 698-4651 e-mail: joakims@simnet.is

Þorrablótið 2011

Nú er við hæfi að minna félagana á af hverju þeir í haust merktu á dagatölum sínum við laugardagskvöldið 29. janúar.

Þá verður haldið að fornum sið hið nafntogaða þorrablót Ármanna, þar sem saman koma aldnir og ungir, lygnir og ólygnir (þessir tveir) og súrir og sætir. Og allir eitt bros og veitir nú ekki af. Kostar nær ekkert og það verður af nógu að taka.

Skráning fer fram í Árósum og á armenn@armenn.is og vissara að vera ekki seint á ferð við þá gjörð, síðustu ár hefur verið húsfyllir.



Reglur: Sleppa skal öllum urriða undir 45 cm en hirða má alla bleikju.

Veiðikort: Er í húsinu, en einnig má nálgast það á heimasíðu Ármanna.

Veiðibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt er að skrá þar allan afla.

Veiðiumsjon: Valgarður Ragnarsson, sími 770 6040 og Ragnar Gunnlaugsson, sími 894 0145.

Húseyjarkvísl 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/ dag
23.-26. maí	3	3	6.000
26.-30. maí	4	3	7.000
30.maí-2.júní	3	3	6.000
2.-6. júní	4	3	7.000
6.-9. júní	3	3	6.000
9.-13. júní	4	3	7.000

5. SVARTÁ Í SKAGAFIRÐI

URRIÐI, TILRAUNAVEIÐI (VEIÐA, MÆLA, SKRÁ OG SLEPPA)

Staðsetning: Svartá rennur um hinn forna Lýtingsstaðahrepp, um Tungusveit og Neðribyggð; með þjóðvegi 752. Beygt er inn á hann frá þjóðvegi 1, skammt sunnan við Varmahlíð. Líðlega 300 km frá Reykjavík.

Veiðisvæðið: Neðri veiðimörk eru við Reykjafoss. Reykjafoss er ófiskgengur en í Svartá, fyrir ofan foss er staðbundinn urriði og svolítið af bleikju. Veiðisvæðið er um 20 km að lengd og nær upp að Ýrarfellsfossi í Svartárdal. Upptök á áin á hálendinu sunnan Mælifelhjúks. Fellur hún nokkuð hratt norður sveitina en á neðsta hlutanum hægist nokkuð á henni þar sem hún hlykkjast um gróið land.

Ánni er skipt í þrjú veiðisvæði. Veitt er með tveimur stöngum á neðsta svæði, sem nær frá Reykjafossi að norðan og suður að brú fyrir neðan Starrastaði, þar sem malarvegur tekur við af malbikinu. Annað svæðið er fyrir neðan brú við Starrastaði og að brú við Sölvanes sunnar í dalnum.

Þriðja svæði er fyrir ofan brú við Sölvanes suður að Ýrarfellsfossi, sem er talsvert fyrir innan bæinn Gilhaga. Vegur liggur meðfram ánni en víða þarf að ganga nokkuð meðfram henni að veiðistöðum.

Stangafjöldi: Veitt er á fjórar stangir, tvær á neðsta veiðisvæði og sitthvor stöngin á svæðum 2 og 3. (Sjá sérreglur um forgang við úthlutun og umsóknir um nokkurra daga holl.)

Veiðitímabil: 1. júní til 15. september. Ekki er veitt á miðvikudögum. Þá er áin hvíld.

Veiðitími: 12 klukkustundir á dag, á tímabilinu frá kl. 7 að morgni til kl. 22 að kvöldi.

Leyfilegt agn: Aðeins fluga. Margir veiða með straumflugum, s.s. Black Ghost, Hólmfríði og nobbl-erum, en púpur og þurrflugur hafa einnig gefist vel.

Veiðihús: Veiðihús er ekki við ána en bent er á þrjú gistimöguleika:

Bakkaflöt (bakkafлот.com): Tjaldstaði, gisting í herbergjum og hægt að leigja sumarhús. Veitinga-sala og sundlaug. Sími: 453 8245.

Steinsstaðir: Tjaldstaði og gisting fyrir 40–50 manns í herbergjum í gistiheimili. Sími: 453 8812.

Sölvanes: Bændagisting heima á bæ og í sérhúsi, ofarlega í dalnum, á mótum svæða 2 og 3. 15 rúm. Sími: 453 8068.

Reglur: Verið er vinna að rannsóknum á stofnum árinna og byggja þá upp, og eru veiðimenn beðnir um að ganga með gát og hlíta veiðireglum í einu og öllu. Skyld er að sleppa öllum veiddum fiski og skrá aflann í veiðibók. Óskað er eftir því að allur fiskur sé lengdarmældur og skráð númer slöngumerkja sem kunna að vera við bakugga og þessar upplýsingar einnig færðar til bókar.

Veiðimenn eru beðnir um að sýna bændum tillits-semi og aka ekki um hlið eða túnslóða nema sýnt sé á korti að þar sé bílastæði.

Veiðikort: Hægt að prenta út af vef Leyfi.is og www.efi.is/fish. Veiðistaðir eru ekki merktir á bökkum, einungis á korti.

Veiðibók: Verður á svæðinu – nánari upplýsingar um staðsetningu síðar. Einng boðið upp á að senda veiðiuplýsingar í tölvupósti á einarfalur@gmail.com

Veiðiumsjon: Einar Falur, s: 669 1206, einarfalur@gmail.com, og Sigurður Ární, s: 864 6106, sasi@mi.is. Einnig er veiðieftirlitsmaður á svæðinu. Veiðimenn hafi útprentuð veiðileyfi með sér. Upplýsingar um veiðisvæðið, rannsóknir á stofnum árinna og kort á vefnum www.efi.is/fish.

Svartá í Skagafirði 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/ dag
2.-7. júní	1 til 6	4	5.000
9.-14. júní	1 til 6	4	5.000
16.-21. júní	1 til 6	4	5.000
9.-12. júlí	1 til 4	4	5.000
14.-19. júlí	1 til 6	4	5.000
21. júlí	1	4	5.000
28.júlí-2.ág.	1 til 6	4	5.000
4.-9. ágúst	1 til 6	4	5.000
11.-16. ágúst	1 til 6	4	5.000
18.-23. ágúst	1 til 6	4	5.000
25.-30. ágúst	1 til 6	4	5.000
1.-6. sept	1 til 6	4	5.000
8.-13. sept	1 til 6	4	5.000

BLÖNDUÐ VEIÐI

6. ÚLFARSÁ/KORPA

– LAX OG URRIÐI

Staðsetning: Úlfarsá fellur úr Hafravatni niður Úlfarsárdal, en Korpúfsstaðaá fullu nafni í landi Korpúfsstaða og rennur til sjávar í Blikastaðakró, nálægt Staðahverfi.

Veiðisvæðið: Áin skiptist í þrjú svæði. Svæði I: Sjávarfoss, Pallur og Neðri-Rennur. Svæði II: Berghylur, Foss, Efri-Rennur. Fyrir ofan Efri-Rennur byrjar frísvæði sem nær yfir afgang árinna.

Korpa er lítil og viðkvæm á og þurfa veiðimenn að fara mjög varlega að henni eigi góður árangur að nást. Hin síðustu ár hefur mikið magn sjóbirtings gengið í ána, og halda þeir til á þekktum laxastöðum. Ofan við þjóðveg og upp að Hafravatni er góð von á staðbundnum urriða.

Stangafjöldi: Veitt er á tvær stangir sem seldar eru stakar, einn dag í senn.

Veidítímabil: 24. júní til 20. september.

Veidítími: Veitt er frá kl. 7-13 og 16-22.

Leyfilegt agn: Hér veiða Ármenn á flugu. (ath. sambærilegt og annars staðar og fyrir leyfi.is)

Veidihús: Lítil veiðkofi nálægt ósnum með aðstöðu til hvíldar og upphitunar.

Reglur: Kvóti er 4 laxar á hverja dagstöng.

Veidikort: Unnt er að nálgast eldra kort hjá Hreggnasa. Nýtt kort verður tilbúið í vor.

Veidibók: Liggur frammi í veiðikofanum við ósinn.

Veidiumsþjón: Jón Þór Júlíusson, gsm. 898 2230, net: jon@hreggnasi.is.

Úlfarsá / Korpa 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/ dag
13. ágúst	1	2	26.500
14. ágúst	1	2	26.500
27. ágúst	1	2	21.000
28. ágúst	1	2	21.000

7. GLJÚFURÁ Í HÚNAÞINGI

– LAX OG BLEIKJA

Staðsetning: Gljúfurá rennur á mörkum Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, um 220 km frá Reykjavík og 23 km frá Blönduósi.

Veidivæðið: Áin er 17 km löng með 26 hyljum. Auðvelt er að komast að ánni og fólksbílafært er með henni neðanverðri. Meðalveiði síðustu ár er 110 laxar og 40 bleikjur. Sumarið 2010 veiddust rétt um 400 bleikjur í ánni.

Stangafjöldi: Veitt er á tvær stangir í tveggja daga hollum og eru báðar stangirnar seldar saman.

Veidítímabil: 1. júlí til 20. september

Veidítími: Veitt er frá kl. 7:00 til 13:00 og 16:00 til 22:00 en 15:00 til 21:00 eftir miðjan ágúst. Skipt er á miðjum degi.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veidihús: Nýtt 60fm veiðihús er við Gljúfurá (beygt til vinstri þegar komið er að sunnan yfir brúna yfir Gljúfurá). Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum og aukaherbergi með kojum (ekki pottur ennþá). Veiðimenn leggja sjálfir til hreinlætisvörur og sængurföt. Þeir taka með sér rusl en geta keypt þrif. Veiðimenn mega koma í húsið klukkustund áður en veiði hefst og skulu hafa rýmt herbergi sín klukkustundu eftir að veiði lýkur.

Reglur: Kvóti er einn lax á dag.

Veidikort: Kort af ánni má nálgast á slóðinni <http://www.hreggnasi.is/images/stories/gljufuraA3.pdf>.

Veidibók: Liggur frammi í veiðihúsi. Mikilvægt að skrá allan afla.

Veidiumsþjón: Jón Þór Júlíusson, gsm. 898 2230, net: jon@hreggnasi.is.

Gljúfurá 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/ dag
13.-15. júlí	2	2	23.500
15.-17. júlí	2	2	31.000
7.-9. sept.	2	2	21.000
9.-11. sept.	2	2	21.000

8. SKÓGÁ UNDIR EYJAFJÖLLUM

– LAX OG BLEIKJA

Staðsetning: Skógá er við Þjóðveg 1, í 150 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík, miðja vegu milli Víkur í Mýrdal og Hvolsvallar.

Veidivæði: Veiðisvæðið er er Skógá sjálf (7 km) og Kverna (2 km) sem kvíslast við Kvernubru og rennur minni kvíslin í Markúsarlón og aftur í Kvernu rétt ofan ármóta Skógár. Veiðisvæðin eru 6 með um 70 hyljum, stórum og smáum.

Aflinn árið 2009 var 911 laxar, 15 urriðar og 455 bleikjur og árið 2008 veiddust 1553 laxar, 15 urriðar og 586 bleikjur. Gosið í og við Eyjafjallajökul 2010 hafði mikil áhrif á Skógána. Vegna leir- og sandframburðar var þar lítil sem engin veiði langt fram eftir sumri, en í september glæddist hún verulega, enda þá farið að draga úr framburðinum.

Stangafjöldi: Veitt er á fjórar stangir sem seldar eru saman.

Veidítímabil: 20. júlí til 30. september.

Veidítími: Veitt er frá 07:00 13:00 og frá 16:00 22:00. Eftir fyrsta ágúst er veitt frá 15:00 21:00 á seinni vakt. Á skiptidögum er veitt til 12:00.

Leyfilegt agn: Leyfilegt agn er fluga og maður. Gjarnan er veitt á þungar túbur í Skógá, t.d. Skógá og Sunray shadow, en í Kverná henta léttari flugur betur.

Veidihús: Gott veiðihús fylgir veiðileyfunum með allri aðstöðu. Ekið er af hringveginum í átt að Skógafossi og er veiðihúsið endahúsið í götunni (stór verönd við húsið) við hlið Hótel Skóga. Lyklana má nálgast á bænum Drangshlíðardal, sem stendur vestan Skógár. Kaupa þarf þrif á húsinu að lokinni dvöl og kosta þau 5000 kr. fyrir hollið. Veiðimenn leggja sjálfir til sængurföt og handklæði.

Reglur: Kvótinn miðast við 6 laxa á stöng á dag og 4 bleikjur, eða að hámarki 10 fiska. Eftir að kvóti næst skulu veiðimenn eingöngu veiða á agnhaldslausar flugur.

Töluvert af silungi og laxi hefur verið merkt og eru veiðimenn beðnir um að skila merkjunum til veiðivarðar. Vinsamlegast kynnið ykkur leiðbeiningar um hvernig eigi að fjarlægja merkin áður en fiskur er skorinn. Munið að merkja örmerkjarpokana með umbeðnum upplýsingum áður en þið setjið merkin í pokana.

Akstur utan vega er bannaður. Fylgið slóðum sem með ánni liggja. Vegna sandbleytu skal sýna aðgát þegar ekið er yfir ána eða vaðið.

Veidikort: Kort af veiðisvæðinu er í veiðihúsinu og það má einnig fá á slóðinni: <http://www.skoga.is/inc/skoga/veidikort.pdf>. Nánari lýsingar er að finna á vefsíðunni <http://www.skoga.is>.

Veidibók: Liggur frammi í veiðihúsi, mikilvægt er að skrá allan afla.

Veidiumsþjón: Ásgeir Ásmundsson, s. 660 3858 eða Lilja Sigurgeirsdóttir í Drangshlíðardal, s. 487 8826

Skógá 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/ dag
20.-22. júlí	2	4	22.000
22.-24. júlí	2	4	24.000
16.-18. sept.	2	4	24.000
26.-28. sept.	2	4	19.000

9. VATNSÁ Í MÝRDAL

– LAX OG SJÓBIRTINGUR

Staðsetning: Í Mýrdal, um 190 km frá Reykjavík.

Veiðisvæði: Vatnsá rennur úr Heiðarvatni um 5 km leið og sameinast Kerlingardalsá, jökulá sem á upptök sín í Mýrdalsjökli. Veiðimenn hafa aðgang að Heiðarvatni og gilda þar sömu reglur og fyrir ána.

Á vatnasvæði Vatnsár veiðast 300 til 1000 laxar á sumri frá miðjum júlí og fram til 10. október. Auk þess veiðast yfirleitt 200 til 400 sjóbirtingar, þannig að síðsumars og fram á haust er býsna líflegt á þessum slóðum. Heiðarvatn er afbragðs veiðivatn og þar náði stjórnarmaður í Ármönnum 82 sm urriða að landi eitt haustið og nokkrum smærri.

Stangafjöldi: Veitt er á tvær stangir sem seldar eru saman, tvo daga í senn.

Veiðitímabil: 25. júlí til 10. október.

Veiðitími: Frá 07:00–13:00 og 15:00–21:00, en eftir 20. september er veitt frá 14:00–20:00. Á skiptidögum má veiða til 12:00 og hús rýmt innan klukkustundar.

Leyfilegt agn: Á svæðinu er eingöngu heimilt að veiða á flugu og eru veiðimenn hvattir til að veiða á agnhaldslaugar flugur.

Veiðihús: Veiðihús er innfalið. Ekið er framhjá Heiðarbæjunum norðan við vatnið en húsið stendur spöl niður með ánni til hægri. Það er með þremur 1-2 manna herbergjum og er að öllu leyti ágætlega búið. Gasgrill er á staðnum.

Innfalið í veiðileyfum eru þríf á húsinu við brottför og því þurfa veiðimenn að virða brottfarartímann. Veiðimenn sem veiða frá 20/9 þurfa að sýna biðlund við afhendingu á húsinu ef þríf standa yfir.

Reglur: Heimilt er að drepa 3 laxahænga á stöng á dag undir 68 cm og allan silung undir 55 cm stærð. Mælt er til að menn sleppi bæði sjóbirtings- og laxahrygnum. Öllum laxi er sleppt í október. Allur akstur er bannaður utan slóða. Lesið vel allar reglur sem liggja fyrir í veiðihúsinu áður en veiði hefst.

Veiðibók: Liggur frammi í veiðihúsi og er mikilvægt að skrá þar allan afla.

Veiðiumsjon: Grétar Einarsson, s: 863 7343 og Guðni Einarsson, s: 868 7897

Vatnsá 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/ dag
25.-27. júlí	2	2	32.000
29.sept.-1.okt.	2	2	41.000

LAXVEIÐI

10. TUNGUÁ Í LUNДАРREYKJARDAL

Staðsetning: Tunguá fellur í Grímsá í Lundarreykjardal á móts við Oddstaði og Brautartungu, um það bil 80 km frá Reykjavík.

Veiðisvæðið: Áin á upptök í vestanverðu Kvígindisfelli, og er 20 km löng. Um það bil 10 km frá ármótum er Englandsfoss, 8 m hár og ekki fiskgengur. Tunguá er hrein dragá og verður vatnslítill í þurrkum. Í ánni eru hinsvegar góðir hyljir þar sem lax liggur iðulega í þónokkru magni. Tunguá hentar einkar vel til fjölskylduferða.

Stangafjöldi: Veitt er á tvær stangir í tveggja daga hollum og eru báðar stangirnar seldar saman.

Veiðitímabil: 14. ágúst til 24. september

Veiðitími: Veitt er frá kl. 7:00 til 13:00 og 16:00 til 22:00 en 15:00 til 21:00 síðsumars. Skipt á miðjum degi.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðihús: Ágætur sumarbústaður rétt innan við bæinn Brennu, miðsvæðis á veiðisvæðinu, örskammt ofan við veginn að norðanverðu við ána. Húsið er tæpir 60 fermetrar, með þremur svefnherbergjum, eldunaraðstöðu, seturými, snyrtingu með sturtu og heitum potti á verönd. Gestir mega mæta í veiðihús klukkan 14:00 við upphaf veiða og þurfa að rýma húsið fyrir kl 13:30 á brottfarardegi. Mikilvægt er að gestir fari að húsreglum.

Reglur: Sleppa skal öllum laxi yfir 69 cm. Að öðru leyti má taka einn smálax á stöng á dag. Í september er öllum laxi sleppt.

Veiðikort: Fylgir korti af Grímsá á slóðinni <http://www.hreggnasi.is/images/stories/grimsaA3.pdf>.

Veiðibók: Í veiðihúsi.

Veiðiumsjon: Jón Þór Júlíusson, gsm. 898 2230, net: jon@hreggnasi.is.

Tunguá 2011

Dagar	Fjöldi daga	Stangir	Verð/stöng/ dag
18.-20. ágúst	2	2	26.000
27.-29. ágúst	2	2	26.000
4.-6. sept.	2	2	26.000
14.-16. sept.	2	2	26.000

Munið:

Umsóknir verða að hafa borist í Árósa fyrir kl. 22 miðvikudagskvöldið 5. janúar
Porrablót Ármanna verður haldið í Árósum laugardaginn 29. janúar.



SÖLUSTADIR:
Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið
Akureyri: Hornið

Vetrardagskrá í Árósum 2011

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Opið hús á miðvikudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Auglýstir viðburðir

5. janúar miðvikudagur

24. janúar mánudagur
25. janúar þriðjudagur
26. janúar miðvikudagur
29. janúar laugardagur
7. febrúar mánudagur
9. febrúar miðvikudagur
14. febrúar mánudagur
21. febrúar mánudagur
28. febrúar mánudagur
16. apríl laugardagur

Skilalok veiðileyfa umsókna

Afgreiðsla veiðileyfa
Afgreiðsla veiðileyfa
Afgreiðsla veiðileyfa
Þorablót
Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
Aðalfundur
Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar
Vorblót

ATH. Ef auglýsta viðburði ber upp á sömu daga og reglulega dagskrá eins og t.d. Skegg og Skott eða viðlíka, þá fellur regluleg dagskrá niður.

Aðalfundur Ármanna verður haldinn

miðvikudaginn 9. febrúar 2011 kl. 20 í Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík

Dagskráin er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Skýrsla formanns um starfsemi stjórnar og fastanefnda.
4. Endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákvörðun árgjalds og inntökugjalds.
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
8. Önnur mál.

Úr lögum Ármanna: 4 kafli. 14 grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. febrúar ár hvert.

Stjórn félagsins boðar til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með auglýsingu í Áróði, á heimasíðu félagsins eða með öðrum tryggum hætti. Aðalfundur er lögmætur sé hann löglega boðaður.

Tillögur til lagabreytinga og stjórnarkjörs skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 15. desember og sendir stjórnin félagsmönnum þær með fundarboði.

Ekki verða greidd atkvæði um aðrar tillögur til lagabreytinga en þær sem sendar eru með fundarboði og breytingartillögur við þær.

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins skulu liggja frammi í eina viku fyrir aðalfund.

Aðrar tillögur um stjórn og skoðunarmenn hafa ekki komið fram.

Rétt til setu á aðalfundi, kosningarétt og kjörgengi hafa allir skuldlausir félagar. Kjósa skal einn nýjan stjórnarmann en úr stjórn gengur Hilmar Finnsson formaður.

Tillaga stjórnar um nýjan stjórnarmann er Árni Þór Sigðursson.

Tillaga stjórnar um nýjan formann er Eiríkur Indriði Bjarnason.

Til áframhaldandi stjórnarsetu gefa kost á sér:

Ágúst Sigurðsson, Baldur Sigurðsson, Bragi Valur Egilsson, Sigbjörn Kjartansson og Sveinn Agnarsson.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn er Sigurður Jónsson og Halldór Lárusson og til vara Örn Guðmundsson.

Stjórnin



Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingarefni

Afsláttur til Ármanna

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturröst.is

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is